

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildar Pálmarsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum (28. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á álagningarhlutföllum eftirlitsgjalds frá gildandi lögum.

Það er ljóst af endurmati áætlaðs rekstrarkostnaðar að FME er að mæta fyrirhuguðu tekjutapi vegna falls bankanna og samdráttar í útgáfu hluta- og skuldabréfa með því að falla frá áætluðum útgjaldaaukuninum og því ber að fagna. Athugasemdir frumvarpsins eru hins vegar ekki í samræmi við þessar fyrirætlanir, sem afar er mikilvægt að nefndin leggi til að verði lagfært.

Ef aðstæður á innlendum fjármálamarkaði væru ekki eins slæmar og nú hefði verið eðlilegra að draga enn frekar út útgjöldum eftirlitsins. Stafar það m.a. af því að þegar lögunum var breytt í fyrra þá var kveðið á um umtalsverða hækkun tekna, eða um ríflega 50%, til að mæta stórauknum útgjöldum eftirlitsins. Aukin útgjöld voru til komin vegna breytts umhverfi íslensks fjármálakerfis, sem fólst fyrst og fremst í aukinni alþjóðlegri starfsemi viðskiptabankanna. Þær breytingar sem lágu til grundvallar þessarar hækkunar hafa gengið nær alfarið til baka, um óákveðinn tíma, og er ríkið nú ráðandi aðili á fjármálamarkaði sem hefur dregist saman að stórum hluta frá því lögunum var breytt síðast. Forsendur þeirra hækkunar eru því brostnar. Nú sem aldrei fyrr er hins vegar þörf á öflugu og traustu Fjármálaeftirliti og því ekki æskilegt að ráðast í frekari niðurskurð á útgjöldum þess.

Ein athugasemd er þó gerð við breytingartillögu sem fylgir frumvarpinu. Til að forðast frekari tekjusamdrátt, og samsvarandi niðurskurð útgjalda, hefur verið ákveðið að hækka álagningarhlutfall fyrir lánastofnanir úr 0,00603% í 0,00697%. Að mati Viðskiptaráðs er hækkun þessi afar einkennileg enda liggur fyrir að umsvif lánastofnanna, og þar með eftirlit með þeim, hefur dregist verulega saman að undanförunu. Þetta er einnig einkennilegt í ljósi þess að nýju ríkisbankarnir eiga að greiða skv. frumvarpinu fastagjald að fjárhæð einungis 4 mkr. Ekki er ljóst af breytingartillögunni afhverju ríkisbankarnir greiða fastagjald á meðan aðrar lánastofnanir þurfa að greiða veltutengt gjald. Að mati Viðskiptaráðs hefði mátt áætla veltu ríkisbankanna til að gæta samræmis, sem hefði svo hugsanlega gert fyrrgreinda hækkun óparfa. Einkareknar lánastofnanir eiga ekki að niðurgreiða eftirlit FME með ríkisbönkunum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en telur eðlilegt að álagt eftirlitsgjald á ríkisbankanna verði leiðrétt m.v. áætlaða veltu svo samræmis sé gætt milli þeirra og annarra lánastofnanna.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs